

Lög

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 21. gr. skal við ákvörðun veiðigjalds miða við 4,8% í stað 9,5% fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009.

Á fiskveiðiárunum 2007/2008 og 2008/2009 skal ekki innheimta veiðigjald vegna úthlutunar veiðiheimilda í þorski. Fiskistofa skal endurgreiða veiðigjald sem innheimt hefur verið á fiskveiðiárinu 2007/2008 vegna úthlutunar í þorski og ofgreitt veiðigjald vegna úthlutunar í öðrum tegundum sem þegar hefur verið innheimt. Skiptist veiðigjaldið á fleiri gjalddaga, sbr. 1. mgr. 23. gr., skal ofgreitt gjald koma til frádráttar á næsta gjalddaga.

2. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum:

- a. Í stað orðanna „og 2007/2008“ í 1. mgr. og 2. másl. 2. mgr. kemur: 2007/2008 og 2008/2009.
- b. Í stað orðanna „og 2008“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 2008 og 2009.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. desember 2007.